



Reykjavík, 4. júlí 2025
SFS25060085

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Réttindi barna sem bíða afgreiðslu umsókna um alþjóðlega vernd

Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið vilja með meðfylgjandi minnisblaði, dags. 4. júlí 2025, vekja athygli borgarráðs á breytingum sem orðið hafa í tengslum við réttindi barna sem bíða afgreiðslu umsókna um alþjóðlega vernd.

Virðingarfyllst

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Minnisblað dags. 4. júlí 2025



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístudnasviðs

Reykjavík, 4. júlí 2025

SFS25060085

MINNISBLAÐ

Efni: Réttindi barna sem bíða afgreiðslu umsókna um alþjóðlega vernd

Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið telja ástæðu til að vekja sérstaka athygli á stöðu barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd samkvæmt lögum um útlendinga nr. 80/2016 (hér eftir nefnd útlendingalög):

Samningar Reykjavíkurborgar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd

Allt frá árinu 2014 hefur Reykjavíkurborg gert samning við Vinnumálastofnun (áður Útlendingastofnun) um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Nýjasti samningurinn, sem var nokkuð breyttur frá fyrri samningum, tók gildi 1. janúar 2025 með gildistíma til 31. desember 2027. Samningnum var sagt upp af hálfu Vinnumálastofnunar 23. apríl sl. og tekur uppsögnin gildi 31. júlí nk.

Samningurinn fól í sér að Reykjavíkurborg veitti allt að 300 einstaklingum þjónustu. Í febrúar 2025 voru 143 manns í þjónustu, þar af 63 undir 18 ára. Í þeim hópi voru 4 börn á framhaldsskólaaldri, 31 börn á grunnskólaaldri og 29 á leikskólaaldri. Greiðslur vegna þjónustunnar komu frá Vinnumálastofnun á grundvelli samningsins. Samkvæmt þeim samningum sem giltu til 1. janúar 2025 náðu greiðslur til vistunar barna í leikskólum og frístundaheimilum borgarinnar. Þar að auki fengu þau íþróttastyrk og tækifæri til þátttöku í ferðalögum skólans eins og á Reyki eða Laugar.

Samkvæmt þeim samningi sem rennur út 31. júlí nk. þjónustar Reykjavíkurborg 300 umsækjendur um alþjóðlega vernd sem búsettir eru í Reykjavík, þar undir falla bæði börn og fullorðnir. Þeir einstaklingar sem fá þjónustu á grundvelli þess fyrirkomulags geta eingöngu sótt grunnþjónustu í skilningi Vinnumálastofnunar. Ólíkt þeim sem nutu þjónustu á grundvelli fyrri samninga er nú ekki gert ráð fyrir fjármagni til að standa straum af kostnaði vegna leikskóla eða frístundaþjónustu þessara barna í Reykjavík. Þau njóta ekki íþróttastyrks og nemendur eldri bekkja í grunnskóla geta ekki tekið þátt í ferðum utan skólatíma.

Almennt um réttindi barna sem sækja um alþjóðlega vernd

Samkvæmt 2. mgr. 33. gr. laga um útlendinga skal barn sem er umsækjandi um alþjóðlega vernd eiga þess kost að stunda skyldunám í grunnskóla eða sambærilegt nám innan hins almenna skólakerfis eða á dvalarstað þess eins fljótt og unnt er. Um réttindi umræddra barna er síðan meðal annars fjallað í reglugerð nr. 540/2017 um útlendinga, sbr. e-lið 9. gr. samnings Vinnumálastofnunar við Reykjavíkurborg.

Um menntun barna, segir í 27. gr. reglugerðar um útlendinga :



Reykjavík



Börnum fram að 18 ára aldri skal tryggð menntun. Vinnumálastofnun skal tryggja að barn sé að jafnaði ekki lengur en fjórar vikur í umsjá stofnunarinnar án þess að vera komið í almennan skóla eða annað úrræði til menntunar. Leitast skal við að barn sé komið í almennan skóla innan 12 vikna frá umsókn um alþjóðlega vernd.

Leitast skal við að koma til móts við þarfir fjölskyldna í þjónustu sveitarfélaga með daggæslu, leikskóla, framhaldsskóla eða öðrum menntaúrræðum, eftir því sem við á.

(áherslubreyting Reykjavíkurborgar)

Í 31. gr. útlendingalaga kemur fram að tryggja skuli hagsmunagæslu barns í ákveðnum tilfellum. Í skilgreiningu á hugtakinu hagsmunagæsla barns í 14. tölul. 3. gr. sömu laga felst meðal annars að tryggja skólaþjónustu á meðan umsókn um alþjóðlega vernd er til meðferðar.

Niðurlag

Í ljósi þess sem að ofan greinir hafa engin börn, sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd, fengið leikskólaþjónustu, aðgengi að frístundaheimilum eða íþróttastyrk eftir að hinn nýi samningur tók gildi 1. janúar 2025.

Í ljósi framangreindra laga og reglugerðarákvæða telur Reykjavíkurborg nauðsynlegt að bæta réttindi barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd, þannig að þau fái tækifæri til að efla félagsstengsl við önnur börn með því að eiga kost á leikskólaþjónustu og hafa aðgang að frístundaheimilum Reykjavíkurborgar sbr. 2. mgr. 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Þar segir að félagsmálanefnd, í tilviki Reykjavíkurborgar skóla- og frístundaráð, skuli sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða, t.d. leikskóla og tómstundaiðju. Einnig skal félagsmálanefnd gæta þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og ekki séu þær aðstæður í umhverfi barna sem þeim stafar hætta af. Þá ættu umrædd börn að hafa aðgang að íþróttastyrk.

Eftir 31. júlí 2025 er enginn samningur í gildi um að þjónusta umsækjendur um alþjóðlega vernd. Sú þjónusta verður því alfarið á höndum Vinnumálastofnunar. Reykjavík er hins vegar með samning við félags- og húsnæðismálaráðuneytið um að þjónusta hópin eftir að hann fær stöðu flóttafólks og er það gert á grundvelli samnings um samræmda móttöku flóttafólks. Það stendur einnig til af hálfu raðuneytisins að segja honum upp.

Af þessu tilefni telur Reykjavíkurborg rétt að óska eftir samtali eða óska bréflega eftir afstöðu dómsmálaráðuneytisins til þess hver beri ábyrgð á að tryggja börnunum umrædd réttindi.